



Framhlið svala á 2. og 3. hæð



Hliðarmynd svala á 3. hæð



Grunnmynd svala á 3. hæð

Teikningar nr. A213 – A216 eru táknrænar.
Þær sýna aðalatríði en eru ekki tæmandi um allan frágang.

Mál eru gefin með fyrirvara.
Taka skal smíðamál á byggingarstað áður en smíði hefst.

Ath. að þegar gefið er upp þvermál rörprófíla er alltaf átt við ytra þvermál.

Handrið skal smíða úr ryðfríu stáli.
Vanda skal allar suður og slípa þannig að þær verði lítt sýnilegar.
Ath. að loka skal öllum sýnilegum endum rörprófíla með sem næst sléttri eða lítið eitt kúpri plötu sem slípuð er við brúnir þannig að samskeyti sjóist ekki.

Míða skal við að bogar neðri og efri sval séu jafnstórir og liggja lóðrétt hver yfir öðrum.
Þó að þar kunnist að reynast missmíð á skal engu að síður smíða bogadregnar einingar nr. 2 af sömu stærð og láta þó fremur stálboga standa mislangt frá steinbrún.
Um aðlögun skal hér hafa náð samráð við arkitekta hússins.

Fundin er miðja boga og út frá henni eru uppistöður handriðs staðsettar svo og handlisti og grind.
Radíus í miðjar uppistöður er áætlaður 1645 mm, í útbrún handlista 1600 mm (jafnframt "hugsuð" útlína svala), í útbrún lóréttra lista grindar 1700 mm.

Uppistöður eru rörprófíll, 40 mm að ytra þvermáli, hver þeirra fest með tveim 12 mm teinum lórétt inn í steyp tvalagólf.

Handlistar, efri og neðri, eru einnig smíðaðir úr 40 mm rörprófílum. Þeir eru festir með 12 mm stálteinum á uppistöður. Jafnframt eru þeir til styrkingar tengdir saman á tveim stöðum með 12 mm stálteinum.

Grindur eru samsettar úr tveimur lóréttum listum, 20 mm að ytra þvermáli, og lóðréttum 12 mm gegnheilum teinum. Grindur eru festar á uppistöður með 12 mm stálteinum.

Byggingafræðingur
Algrætt þann
Sigríður Halldórsdóttir